

Fundargerð 78. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var þann 18. apríl 2013, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Inga Sólnes,
Friðjón Einarsson
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Málefni Keilis vegna kaupsam. um húsnæði í tengslum við útgáfu starfsleyfis frá menntamálaráðuneytinu

Eftir viðræður við Keili og samráð við efnahags- og fjármálaráðuneyti samþykkti stjórn eftirfarandi skilmálabreytingar á kaupsamningi og lóðarleigusamningum við Keili vegna Grænásbrautar 910 og Austurbrautar 913:

- Að veita Keili 6 ára niðurfellingu á vöxtum af skuldabréfi í tengslum við kaup á Grænásbraut 910.
- Einnig er gefin heimild til að breyta lóðarleigusamningum um Grænásbraut 910 og Austurbraut 913 á þann hátt að kostnaður vegna lóðarleigu verði minnkaður. Þá er gefin heimild til að fella niður gjöld vegna lóðarleigu í næstu 6 ár.
- Ofantaldar breytingar eru gerðar með það að markmiði að styrkja stoðir og rekstur Keilis, til næstu 6 ára, í því skyni að efla grundvöll menntunar og rannsókna á Ásbrú.

3. Framlenging á umboði stjórnar til framkvæmdastjóra

Stjórn framlengdi umboð sitt til framkvæmdastjóra vegna umsýslu fasteigna á starfssvæði ÞK ehf. til 1. desember 2015.

4. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið.

